

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 25. mars 2015 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2014 var haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Þingsal 2, miðvikudaginn 25. mars 2015 kl. 17:00.

Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Friðbert lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun og var það samþykkt. Hinrik tilkynnti að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og að þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2014.
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Tryggingafræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act., fyrir báðar deildir sjóðsins, miðuð við árslok 2014, var aðgengileg á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is, og í ársreikningi, á bls. 13 og 25.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins og fjárfestingarstefna sjóðsins.
- 3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 5) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 6) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar, tók til máls og reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári.

Stjórn sjóðsins er skipuð sex aðilum en af þeim eru þrír stjórnarmenn kjörnir af sjóðfélögum til tveggja ára í senn, þeir eru Friðbert Traustason, Þóra Valný Yngvadóttir og Sigurjón Gunnarsson. Fulltrúar aðildarfyrirtækja í stjórn eru Bergþóra Sigurðardóttir, Ásta H. Bragadóttir og Helgi H. Steingrímsson. Stjórnin skiptir með sér verkum og var Friðbert Traustason kosinn formaður og Bergþóra Sigurðardóttir varaformaður. Starfsmenn sjóðsins eru samtals fjórir en þeir eru Ólafur Kr. Valdimarsson, framkvæmdastjóri, Halldór Emil Sigtryggsson, Hulda Björk Guðmundsdóttir og Margrét Björk Jóhannsdóttir. Í lok ársins lét Anna Karlsdóttir af störfum eftir 13 ára starf fyrir sjóðinn og þakkaði Friðbert henni kærlega fyrir mjög gott samstarf. Kjörnir skoðunarmenn sjóðsins eru Hallfríður Gunnlaugsdóttir og Jón Ívarsson en Hallfríður hefur ákveðið að láta af störfum og þakkaði Friðbert henni einnig fyrir mjög gott samstarf. Í endurskoðunarnefnd eru Ásta H. Bragadóttir, Sigurjón Gunnarsson og Stefán Svavarsson formaður. Löggiltur endurskoðandi er

PR

Knútur Þórhallsson hjá Deloitte ehf. Tryggingafræðingur sjóðsins er Bjarni Guðmundsson og lögfræðingur sjóðsins er Sveinn Sveinsson hrl.

Friðbert vék þessu næst að eftirliti og endurskoðun sjóðsins.

Nýjar samþykktir sjóðsins voru samþykktar á síðasta ársfundi þann 26. mars 2014 en tóku ekki gildi fyrr en 28. nóvember 2014 þegar samþykki Fjármálaráðuneytisins lá fyrir. En samkvæmt lögum og reglum verður Fjármálaráðuneytið að samþykkja breytingar á samþykktum sjóðsins sem sjóðfélagafundur og aðildarfyrirtækin hafa samþykkt eða stjórn sjóðsins lagt fram. Þá hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með því að sjóðurinn fylgi lögum um lífeyrissjóði og fær eftirlitið ársfjórðungslegar skýrslur um rekstur og fjárfestingar sjóðsins. Félagslega kjörnir skoðunarmenn framkvæma skoðun á öllum fjármálagerningum og vinna þeir mikið og gott starf fyrir sjóðinn. Löggiltir endurskoðendur sjá um ytri endurskoðun og aðstoða við uppsetningu ársreikninga en aðrir löggiltir endurskoðendur sjá um innri endurskoðun. Síðan fylgist endurskoðunarnefnd, skipuð þremur aðilum, með vinnu endurskoðenda. Til viðbótar þessu sér tryggingafræðingur um tryggingafræðilega úttekt. Skoðunarmenn og endurskoðendur afgreiddu úttekt á sjóðnum í ár „án athugasemda“. Á fjórða ársfjórðungi 2014 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið athuganir á áhættustýringu tiltekinnar lífeyrissjóða og þar á meðal hjá Lífeyrissjóði bankamanna. Beindust athuganirnar að því að kanna hvernig áhættustýringu væri háttáð og hvort að hún samræmdest leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Athuganir Fjármálaeftirlitsins fóru fram með gagnaöflun og heimsóknum og byggðu niðurstöður eftirlitsins á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var. Að mati Fjármálaeftirlitsins var áhættustýring þeirra sjóða sem athuginin náði til almennt í góðu horfi og gerði eftirlitið engar athugasemdir við framkvæmd hennar. Eftirlitið kom þó á framfæri ábendingum til sjóðanna um hvað betur mætti fara, eftir því sem við átti.

Þessu næst fór Friðbert yfir fjárfestingar sjóðsins.

Að sögn Friðberts er enn mikil varfærni í fjárfestingum hjá sjóðnum heilt yfir, en þó sérstaklega hjá Hlutfallsdeild þar sem fjöldi sjóðfélaga sem fær greiddan lífeyri er mun hærri en fjöldi þeirra sem greiða iðgjöld til deildarinnar. Erfitt er að ná góðri ávöxtun þar sem fátt er um fína drætti á markaði. Lágir vextir eru á ríkisskuldabréfum, innlánsvextir eru lágir auk þess sem verðtrygging hefur áhrif. Á markaði virðast margir horfa til fjárfestinga í fjárfestingarsjóðum, húsbýggingum og í skuldabréfum. Enn er lokað fyrir erlendar fjárfestingar. Aldursdeild er með um 733 milljóna króna fjárfestingu í Framtakssjóði Íslands sem hefur skilað góðri ávöxtun og sem að hluta til er nú komin í bækur lífeyrissjóðsins.

Því næst vék Friðbert máli sínu að starfsemi einstakra deilda og byrjaði á Aldursdeild.

Í Aldursdeild eru nú virkir sjóðfélagar um 1927 og hefur þeim fækkað um 23 frá fyrra ári. En allir nýráðnir starfsmenn aðildarfyrirtækja gerast sjóðfélagar Aldursdeildar. Hrein eign til greiðslu lífeyris var tæplega 26,3 milljarðar króna í árslok 2014 samanborið við rúmlega 23,3 milljarða króna í árslok 2013, en um er að ræða hækkun um tæpa 3 milljarða króna á milli ára. Raunávöxtun deildarinnar var 5,06% árið 2014 samanborið við 5,19% árið 2013. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár er 4,49% en frá stofnun deildarinnar árið 1998 er meðaltals raunávöxtun 3,84%. Aldursdeild þarf að hafa að lágmarki 3,5% raunávöxtun en þar sem útgreiðslur verða ekki miklar næstu árin þolir deildin vel sveiflur í ávöxtun. Eignasamsetning Aldursdeildar í lok árs 2014 var þannig að um 91,75% af heildareignum voru í íslenskum krónum og um 8,25% voru í erlendum myntum. Afkoma Aldursdeildar heilt yfir er ágæt miðað við aðra lífeyrissjóði á landinu en lítil hlutfallsleg eign í erlendum eignum er ástæða þess að raunávöxtun deildarinnar er þó örlítið lægri en ávöxtun nokkurra annarra lífeyrissjóða á árinu 2014. Réttindi í Aldursdeild hafa aldrei verið skert. Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar í árslok 2014 er -2,60% en var -2,97% í árslok 2013 en samkvæmt lögum þarf að skerða réttindi ef staðan er undir -5% í 5 ár. Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar batnar m.a. vegna ávöxtunar umfram 3,5% viðmið. Friðbert benti á að Bjarni Guðmundsson myndi koma nánar að tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar í umfjöllun sinni um tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum.

Í umfjöllun Friðberts um Aldursdeild kom m.a. fram að á þessu ári 2015 myndu koma fram nýjar viðmiðunartölur um lengri lífaldur sem allir lífeyrissjóðir þyrftu að glíma við. En hvert ár í lengri



lífaldri eykur skuldbindingu sjóðsins um ca. 5,5%. Þessar nýju tölur geta þýtt allt að 10% hækkun á skuldbindingum Aldursdeildar. Friðbert ræddi hvernig bregðast mætti við þessu og kom fram í máli hans að hann teldi líklegast að lífeyristökualdur Aldursdeildar yrði hækkaður á næstu árum vegna þessa, en skv. lögum er sjóðnum heimilt að hækka lífeyristökualdur deildarinnar upp í 70 ár.

Í þessu sambandi nefndi Friðbert að í 4. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997 kæmi m.a. fram að lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skyldi fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt væri af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hæfist en þó ekki síðar en frá 70 ára aldri, með svigrúm frá 67 ára aldri. Í 14. gr. sömu laga kæmi svo m.a. fram að mánaðarlegur lífeyrir skyldi vera verðtryggður og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs. Friðbert nefndi að unnt væri að ná framangreindu 56% hlutfalli í útgreiðslu á lífeyri ef ávöxtun væri að lágmarki 3,5% á eignir umfram verðtryggingu. Ef ávöxtun brygðist hinsvegar, lífaldur hækkaði eða örorkubyrði ykist þá ættu margir sjóðir aðeins eitt raunhæft svar sem væri að skerða réttindi. Friðbert nefndi í þessu sambandi að hann hefði skoðað fyrirkomulag lífeyrisgreiðslna á norðurlöndum og að eðlilegra væri ef lífeyrisgreiðslur miðuðu frekar við hlutdeild sjóðfélaga sem hann ætti í viðkomandi sjóði, sem yrði svo uppfærður árlega eftir reglum Fjármálaeftirlits og væri undir eftirliti þess ásamt eftirliti endurskoðenda og tryggingafræðinga.

Þessu næst vék Friðbert máli sínu að starfsemi Hlutfallsdeildar.

Í Hlutfallsdeild fækkaði sjóðfélögum sem greiða iðgjöld til deildarinnar um 47 á árinu og eru þeir nú einungis 241. Fjöldi sjóðfélaga sem fær greiddan lífeyri fjölgaði um 28 á árinu og eru þeir núna 915. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild var í árslok 2014 um 36,6 milljarðar króna en í árslok 2013 um 36,7 milljarðar króna, en um er að ræða lækkun á milli ára sem nemur tæplega 104 milljónum króna. Raunávöxtun deildarinnar var 4,42% í árslok 2014 samanborið við 4,45% árið 2013. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár fyrir Hlutfallsdeild var 4,68% en frá stofnun deildarinnar 1998 hefur ávöxtun verið 3,77%. Hlutfallsdeild þarf að lágmarki 3,5% raunávöxtun og þóir ekki miklar sveiflur í ávöxtun en vegna þess eru flestar eignir deildarinnar í verðtryggðum íslenskum krónum. Erfitt verður að fjárfesta með álíka ávöxtun næstu misserin. Í fyrsta skipti var nú greitt meira út úr sjóðnum en sem nemur inngreiðslum og ávöxtun. Lægri verðbólga skilar lægri tekjum á árinu 2014 en á árinu 2013 sem nemur um einum milljarði króna. Tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar í árslok 2014 er -0,80% en var -9,72% í árslok 2013. Tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar batnar vegna skerðingar réttinda sjóðfélaga deildarinnar á síðasta ársfundi. Friðbert benti á að Bjarni Guðmundsson myndi fjalla nánar um tryggingafræðilega stöðu deildarinnar í umfjöllun sinni um tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum síðar á fundinum.

Að lokum ræddi Friðbert um þá þróun sem hefur verið á stöðu Hlutfallsdeildar frá stofnun hennar 1998 og varpaði upp mynd á tjald sem sýndi m.a. meðalraunávöxtun og tryggingafræðilega stöðu Hlutfallsdeildar milli ára á tímabilinu frá 2006 til 2013. Í máli Friðberts kom m.a. fram að við stofnun Hlutfallsdeildar árið 1998 hafi verið lagðar til grundvallar ákveðnar forsendur sem tryggja átti sjóðfélögum sömu réttindi, eða sambærileg, og sjóðfélagar áttu hjá Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands hf. og Seðlabanka Íslands. Eftir því sem tíminn leið kom í ljós að þær forsendur sem deildin byggði á stóðust ekki skoðun og árið 2005 höfðaði sjóðurinn mál gegn Landsbanka Íslands hf. og krafðist endurskoðunar á forsendum og bóta vegna brostinna forsendna. Því máli lauk með samningi sjóðsins við aðildarfyrirtækin, þar sem aðildarfyrirtækin tóku m.a. ábyrgð á þeim þætti sem rekja mátti til þeirra, þ.e. hækkunar launa umfram forsendur, auk þess sem þau tóku að sér hlutdeild í kostnaði af rekstri sjóðsins til framtíðar. Ákveðnar forsendur sem lagðar voru til grundvallar í samningnum við aðildarfyrirtækin frá 2005 standast hinsvegar ekki skoðun í dag, þá sérstaklega forsendur um snemmtöku lífeyris og lífaldur. Í þessu sambandi nefndi Friðbert að sjóðurinn væri nú að vinna að því að útbúa greinargerð um rekstur og stöðu Hlutfallsdeildar og ástæður þess að tillaga um skerðingu réttinda sjóðfélaga í Hlutfallsdeild var eina leiðin á ársfundi 2014. Þá liggi fyrir að á árinu 2015 komi nýjar tölur um hærri lífaldur sem munu valda því að skuldbindingar Hlutfallsdeildar munu aukast enn frekar og að sjóðurinn verði að bregðast við því í náinni framtíð. Þar sem Hlutfallsdeild starfar á óbreyttum samþykktum frá 1997 verður eina úrræði deildarinnar að skerða réttindi enn frekar, þegar að því

PR
JLG

kemur. Ekki væri hægt að hækka lífeyristökualdur eins og t.d. Aldursdeild getur gert til að mæta lengri lífaldri. Að lokum nefndi Friðbert að í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi væri myndi sjóðurinn funda fljótlega með fulltrúum aðildarfyrtækjanna og leita lausna. Gangi viðræður ekki eftir hyggt sjóðurinn óska eftir álitum lögfræðinga á stöðunni.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins og fjárfestingarstefna sjóðsins.

Ólafur Kr. Valdimarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók næstur til máls og gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Ólafur fór yfir hvora deild fyrir sig.

Fyrst vék Ólafur máli sínu að Hlutfallsdeild og fór hann yfir breytingar á hreinni eign sem var til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild í árslok 2014. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 36,6 milljarðar króna en var í árslok 2013 um 36,7 milljarðar króna, en um er að ræða lækkun á milli ára sem nemur tæplega 104 milljón krónum. Ólafur fjallaði um aðrar lykiltölur varðandi breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og ræddi þær nánar. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 6 í ársreikningi félagsins. Þessu næst fjallaði Ólafur um efnahagsreikning deildarinnar og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2014 og ræddi nánar einstaka þætti. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 7 og 8, í ársreikningi sjóðsins.

Eftir að hafa farið yfir Hlutfallsdeild fjallaði Ólafur um Aldursdeild. Byrjaði Ólafur á að fara yfir breytingar á hreinni eign sem var til greiðslu lífeyris í Aldursdeild í lok árs 2014. Hrein eign til greiðslu lífeyris voru tæplega 26,3 milljarðar króna í árslok 2014 samanborið við rúmlega 23 milljarða króna í árslok 2013, en um er að ræða hækkun um tæpa 3 milljarða króna á milli ára. Ólafur vék máli sínu að öðrum lykiltölum varðandi breytingar á hreinni eign og er hægt að nálgast tölulegar upplýsingar á bls. 16 í ársreikningi. Þessu næst fjallaði Ólafur um efnahagsreikning deildarinnar og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2014, og ræddi nánar. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 17 – 18, í ársreikningi sjóðsins. Að lokum benti Ólafur á ítarlegar skýringar endurskoðanda sem fylgja ársreikningnum varðandi báðar deildirnar.

Ólafur gerði því næst grein fyrir fjárfestingarstefnum sjóðsins fyrir árið 2015 en fjárfestingarstefnur hvorrar deildar fyrir sig má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

Ólafur vék fyrst máli sínu að Hlutfallsdeild.

Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar er óbreytt frá fyrra ári og er mjög varfærin þar sem deildin þolir illa sveiflur. Markmið fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar er 97% innlend skuldabréf og 3% önnur innlend fjárfesting. Megináhersla áhættustýringar deildarinnar er að stilla saman greiðsluflæði af skuldabréfum og greiðsluflæði lífeyris eftir árum til að lágmarka áhættu. Fór Ólafur m.a. yfir rök fyrir því að þrátt fyrir varfærna stefnu væri í dag æskilegt að vera með hluta fjárfestinga í öðrum eignarflokkum en innlendum skuldabréfum.

Því næst vék Ólafur máli sínu að Aldursdeild.

Fjárfestingarstefna Aldursdeildar er varfærin en hefur þó breyst nokkuð síðustu ár. Helsta breytingin hefur falist í hófsamri aukningu á heimild til fjárfestinga í innlendum hlutabréfum í takt við aukinn fjölda skráðra hlutafélaga á skipulögðum verðbréfamarkaði. Markmið fjárfestingarstefnu Aldursdeildar er 72% innlend skuldabréf, 18% innlend hlutabréf, 1% erlend skuldabréf, 4% erlend hlutabréf og 5% í óhefðbundnum fjárfestingum þ. á m. erlendum framtakssjóðum. Geta Aldursdeildar til að taka áhættu er meiri en Hlutfallsdeildar því fjárfestingarsjónarhóll Aldursdeildar er langur vegna langs meðallíftíma skuldbindinga og tekur fjárfestingarstefnan því mið af því.

Hinrik Greipsson fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikning sjóðsins og fjárfestingarstefnu sjóðsins og sköpuðust nokkrar umræður.

PR
slf

Hulda Guðrún Þórólfsdóttir kvað sér fyrst máls og spurði hvort unnt væri að nálgast sundurliðun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sjóðsins, hver meðallaun hjá starfsfólki sjóðsins væru og að lokum hversu margir ynnu á skrifstofu sjóðsins. Ólafur Kr. Valdimarsson svaraði og benti á að upplýsingar um laun framkvæmdastjóra og stjórnarmanna væru að finna í ársreikningi. Á skrifstofu sjóðsins störfuðu fjórir starfsmenn en á hluta ársins í fyrra voru starfsmenn fimm sem skýrir hærri rekstrarkostnað sjóðsins þetta árið. Hulda Guðrún tók þá aftur til máls og spurði aftur um meðallaun starfsmanna og hvort hægt væri a.m.k. að svara því hvort um væri að ræða t.d. 600 þúsund krónur á mánuði eða milljón krónur á mánuði. Ólafur svaraði og sagðist ekki vera með þessar upplýsingar og að ekki væri gott að giska á einhverjar tölur í því sambandi. Hulda tók þá aftur til máls og sagði að ef miðað væri við tölur úr ársreikningi væri skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sjóðsins mjög hár, spurði Hulda hvort starfsmenn sjóðsins hefðu skert laun sín eins og réttindi sjóðfélaga hefðu verið skert. Friðbert Traustason tók til máls og svaraði því til að laun á skrifstofu sjóðsins væru sambærileg á við starfsmenn í banka og ekki umfram það.

Jakob Gunnarsson tók næstur til máls og nefndi að fram hefði komið að aðildarfyrirtækin kæmu að því að greiða rekstur Hlutfallsdeildar umfram 10 milljónir. Spurði Jakob hvort sú kostnaðarhlutdeild væri verðtryggð. Friðbert Traustason svaraði því til játandi og sagði að verðtryggt væri í báða enda.

Ari Skúlason tók næstur til máls. Ari nefndi að upplýsingar í ársreikningi sjóðsins bentu til þess að skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hefði hækkað um u.þ.b. 30% á milli ára. Benti Ari á að þessi hækkun ætti sér stað á sama tíma og verðbólga væri undir 1% á Íslandi. Þá nefndi Ari að þær skýringar sem hefðu fengist þegar Hulda Guðrún Þórólfsdóttir spurði um þetta sama atriði fyrr á fundinum væru þær að fólk hafi verið að láta af störfum og að sjóðurinn væri að bera aukinn kostnað vegna þess. Óskaði Ari eftir frekari skýringum. Friðbert Traustason tók til máls og svaraði því til að venja væri til að skilja sæmilega við fólk þegar það lyki störfum og það gerði sjóðurinn líka. Ari spurði í þessu sambandi hvort eðlilegt væri að geta þessa í ársreikningi til útskýringa. Friðbert svaraði og nefndi að það væri ekki venja að taka fram í ársreikningum hversu margir starfslokasamningar væru í gildi. Friðbert nefndi að þetta væri hinsvegar skýringin og tók fram að það hefði ekkert breyst er varðar launakjör starfsmanna sjóðsins umfram kjarasamninga.

Geir Oddur Ólafsson tók næstur til máls og spurði hvers vegna fjárfestingarstefna Aldursdeildar væri svona varfærin þegar líftími deildarinnar væri þetta mikill. Þá spurði Geir einnig hvers vegna sjóðurinn fjárfesti að svona miklu marki í íbúðabréfum þegar rekstrarhæfi Íbúðalánasjóðs væri ekki gott. Þá spurði Geir jafnframt hvort fram hefði komið tillaga um að skerða réttindi í Aldursdeild þar sem tryggingafræðileg staða deildarinnar væri neikvæð. Ólafur Kr. Valdimarsson svaraði og nefndi að það væri alltaf álitamál hversu mikla áhættu ætti að taka á hverjum tíma en sjóðurinn yrði að fara gætilega. Geir Oddur tók þá aftur til máls og óskaði eftir frekari skýringum á þessari miklu varfærni við þessar markaðsaðstæður. Ólafur svaraði og sagði að fjárfestingarstefnur sjóðsins væru reglulega í endurskoðun og hvað Aldursdeild varðaði þá væri sjóðurinn að taka gætileg skref í þá átt að minnka varfærni í fjárfestingum. Þá tók Ólafur fram hvað skerðingu réttinda deildarinnar varðar að 5% vikmörk í báðar áttir skv. lögum væru æskileg viðmið sem litið væri til við mat á því hvort bregðast þyrfti við en þar sem tryggingafræðileg staða Aldursdeildar hefur farið batnandi milli ára hefur ekki þótt ástæða til að bregðast við með skerðingu réttinda, það væri þó skoðað vandlega hverju sinni. Varðandi íbúðabréfin sagði Ólafur að Aldursdeild hefði minnkað sína stöðu í íbúðabréfum en sagði jafnframt að hann óttaðist ekki að ekki yrði staðið við skuldbindingar vegna íbúðabréfa ef á reyndi. Geir Oddur spurði þá hvort til stæði að minnka stöðu Aldursdeildar í íbúðabréfum enn frekar og hvort menn hefðu einhverjar áhyggjur af getu íbúðalánasjóðs til að standa við skuldbindingar sínar. Friðbert Traustason tók til máls og svaraði því til að hann hefði engar áhyggjur af getu Íbúðalánasjóðs til að standa við skuldbindingar sínar og bætti því við að ef hann hefði einhverjar áhyggjur þá væri það fyrir hönd allra lífeyrissjóða í landinu. Í þessu sambandi nefndi Friðbert að lokum að það hlyti að vera ríkisábyrgð á skuldbindingum Íbúðalánasjóðs.

Hulda Guðrún Þórólfsdóttir tók til máls og spurði hvort til stæði að skerða laun starfsmanna sjóðsins þar sem réttindi sjóðfélaga Hlutfallsdeildar hefðu verið skert. Friðbert Traustason svaraði

PR
alg

og sagði það ekki hafa verið rætt. Hulda tók þá aftur til máls og spurði hverjir greiddu laun starfsmanna sjóðsins. Ólafur Kr. Valdimarsson tók þá til máls og sagði að ekki væri forsvaranlegt að gera starfsfólk sjóðsins persónulega ábyrgt fyrir réttindaskerðingu sjóðsins.

Jakob Gunnarsson tók næstur til máls. Jakob nefndi að í ársreikningi sjóðsins kæmi m.a. fram að sjóðurinn hefði skuldbundið sig til að leggja fé í ýmsa framtakssjóði s.s. Private Equity II. Jakob spurði hvort þetta væri góð og gild fjárfestingarstefna og hvort rétt væri að sjóðurinn væri að skuldbinda sig með þessum hætti. Ólafur Kr. Valdimarsson svaraði því til að þessi tegund fjárfestinga væri ágæt en hver sjóður væri skoðaður hverju sinni, sem dæmi væri Framtakssjóður Íslands (FSÍ) sjóður af þessu tagi og að hann hefði skilað mjög góðri ávöxtun. Ólafur nefndi að fjárfestingar Hlutfallsdeildar væru innan við 1% í svona sjóðum en um 2% væru í hlutabréfum sem vega á móti. Ólafur nefndi að lokum að nákvæmari upplýsingar um skuldbindingar sjóðsins væru að finna í ársreikningi.

Guðríður Kristjánsdóttir tók næst til máls og spurði hverjir væru vinnuveitendur starfsmanna og nefndi að spurt hafi verið fyrir á fundinum um laun starfsmanna sjóðsins en óljós svör fengist. Guðríður nefndi jafnframt að hún teldi svarendur hafa sýnt af sér óþarfa viðkvæmni í tilsvörum. Hinrik Greipsson tók til máls og vísaði til fyrri svara um efnið og bað Friðbert Traustason og Ólaf Kr. Valdimarsson að íhuga orð Guðríðar.

Kristín Eiríksdóttir tók til máls og spurði hver framtíð sjóðfélaga væri, hvort lækkun væri fjárfestingarleg og við hverju sjóðfélagar mættu búast. Hinrik Greipsson svaraði og vísaði til umfjöllunar Friðberts Traustasonar um skýrslu stjórnar.

Ari Skúlason tók til máls. Ari nefndi að þegar litið væri á sjóðstreymi í ársreikningi þá benti það til þess að rekstrarkostnaður án afskrifta hefði aukist verulega. Ari nefndi að svona hækkun hlyti að valda áhyggjum með hliðsjón af stærð og stöðu sjóðsins. Hinrik Greipsson tók til máls og nefndi að þessu hefði þegar verið svarað, m.a. hefðu tveir framkvæmdastjórnar verið á launum að hluta til á síðasta ári. Ólafur Kr. Valdimarsson tók einnig til máls. Hann benti á að réttara væri að skoða rekstrarkostnað í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, en í sjóðstreymi. Þar mætti sjá að rekstrarkostnaður Aldursdeildar í hlutfalli af hreinni eign í árlök 2014 væri 0,18% í stað 0,17% í árslok 2013 og hækkunin því einungis 0,01% milli ára. Hann benti jafnframt á að stóran hluta þeirrar hækkunar mætti rekja til fyrirkomulags sem ákveðið er í samþykktum sjóðsins, en þar er kveðið á um að sameiginlegum rekstrarkostnaði sjóðsins skuli skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við eignir þeirra. Af því leiðir að þegar hrein eign Aldursdeildar vex umtalsvert milli ára en hrein eign Hlutfallsdeildar minnkar að kostnaðarhlutdeild Aldursdeildar vex hlutfallslega að öðru óbreyttu.

Hinrik Greipsson tók til máls og kvað orðið vera laust. Ekki tóku fleiri til máls. Voru skýrsla stjórnar og ársreikningur því næst borin upp til samþykktar. Voru þau samþykkt með atkvæðamerki. Enginn var á móti.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans voru aðgengilegar á vef sjóðsins og á bls. 13 og 25 í ársreikningi sjóðsins undir liðnum lífeyrisskuldbindingar.

Bjarni gerði fyrst grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var við úttektina. Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga. Bjarni sagði reikniforsendur í ár vera þær sömu og í fyrra þar sem lífs-, örorkulíkur og vextir væru þær forsendur sem skiptu mestu máli og að samþykktir væru nánast eins.

PR


Bjarni fór yfir helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar í báðum deildum.

Bjarni hóf umfjöllun sína á Aldursdeild.

Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar í lok árs 2014 var -2,6% og hefur staða deildarinnar batnað reglulega frá árinu 2008. Aldursdeildin er ungur sjóður sem fær inn ný iðgjöld og hefur vaxið frá 1998. Það var góð ávöxtun á eignum deildarinnar á árinu en ávöxtun að teknu tilliti til breytinga á endurmati reyndist vera 5%. Halli á áfallinni stöðu var 5,3% og hefur farið minnkandi. Það er ágæt staða á Aldursdeild og deildin er innan þeirra vikmarka sem áskilin eru í lögum um lífeyrissjóði en þar er hámark vikmarka milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% fyrir stöðu samfellt í fimm ár. Niðurstaða Bjarna varðandi Aldursdeild var sú að ekki þyrfti að færa réttindi niður skv. lögum.

Næst vék Bjarni máli sínu að Hlutfallsdeild.

Tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar í lok árs 2014 var -0,8% sem er heldur verri staða en búast hefði mátt við miðað við þá lækkun réttinda sem framkvæmd var á árinu. Eignastaða deildarinnar er í samræmi við væntingar og er deildin að ná um 3,5% raunávöxtun á eignir m.v. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og endurmetna eign sjóðsins 2013 og 2014, að teknu tilliti til innborgaðra iðgjalda og greidds lífeyris og kostnaðar á árinu 2014. Skýringa á versnandi stöðu deildarinnar er því ekki að leita í ávöxtun sjóðsins á liðnu ári. Skuldbindingar deildarinnar á árinu hækkuðu hinsvegar nokkuð og þegar breyting skuldbindinga er greind eftir stöðu sjóðfélaga kemur í ljós að skuldbindingar vegna þeirra sem nutu eftirlauna- og makalífeyris árið 2013 eru nokkru hærri í lok árs 2014 en gera hefði mátt ráð fyrir m.v. reikniforsendur og að teknu tilliti til lækkunar réttinda, greidds lífeyris og nýrra makalífeyrisúrskurða. Þá hefðu skuldbindingar þeirra sem hófu töku eftirlauna, eða létu af störfum úr hópi þeirra sem voru í starfi 2013, einnig hækkað umfram væntingar. Þá nefndi Bjarni að aðferð við mat á rekstrarkostnaði hafi verið breytt á árinu þannig að deildirnar tækju á sig rekstrarkostnað í samræmi við stærð enda færi Hlutfallsdeild minnkandi og Aldursdeild stækkandi, þetta væri nákvæmara og betra mat. Niðurstaða Bjarna varðandi Hlutfallsdeild var sú að ekki þyrfti að færa réttindi niður skv. lögum.

Bjarni lauk máli sínu með því að ræða um framtíð Hlutfallsdeildar. Í máli Bjarna kom m.a. fram að Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga myndi í lok árs 2015 taka upp nýja aðferðafræði við mat á lífslíkum sem myndi þýða hækkun á skuldbindingum deildarinnar upp á u.þ.b. 7-10%. Nefndi Bjarni að á næstu árum mætti gera ráð fyrir áframhaldandi neikvæðri þróun á stöðu Hlutfallsdeildar og að sjóðurinn þyrfti að grípa til aðgerða ef koma ætti í veg fyrir frekari skerðingar á réttindum sjóðfélaga til framtíðar.

Nánari skýringa á tryggingafræðilegri stöðu Aldursdeildar og Hlutfallsdeildar má nálgast í tryggingafræðilegri úttekt Bjarna sem er aðgengileg á vef sjóðsins.

Hinrik Greipsson gaf orðið því næst laust til umræðu um tryggingafræðilega úttekt.

Jóhannes Bragi Gíslason tók til máls og spurði hvort um væri að ræða aukna dánartíðni innan þess hóps sjóðfélaga sem nyti makalífeyris varðandi umfjöllun Bjarna um áhrif þess hóps á auknar skuldbindingar Hlutfallsdeildar. Bjarni Guðmundsson svaraði og sagði að um væru að ræða tölur yfir þá sjóðfélaga sem fengu makalífeyri 2013 og fengu áfram makalífeyri 2014, þ.e.a.s. það væru færri sem væru að falla frá.

Jakob Gunnarsson tók til máls og sagði stöðuna vera grafalvarlega og að eitthvað yrði að gera. Ef ekki tækist að semja við launagreiðendur um að þeir stæðu við forsendur þá væri það blessaður lífaldurinn sem ykist, þetta endalaus áviskeið, sem kannski væri ekki alltaf merkilegt í lokin. Þó væri ein lausn, ríkisábyrgð. Jakob nefndi að það þyrfti að skilgreina góðan lífaldur og að sá hluti lífaldurs sem ekki félli undir þá skilgreiningu ætti einfaldlega að vera á kostnað eftirlauna tryggingastofnunar. Það hjálpaði a.m.k. ekki að reyna að vera spámaður um lífaldur sem enginn getur verið, hvorki veðurfræðingar né tryggingafræðingar. Bjarni Guðmundsson svaraði og sagði þessar hugleiðingar ekki samræmast lögum um lífeyrissjóði.

Guðríður Kristjánsdóttir tók til máls. Guðríður nefndi að fram hefði komið í fréttum að starfsmönnum hefði fækkað hjá aðildarfyrtækjum sjóðsins auk þess sem búið væri að gefa út að

PR
JG

það ætti að fækka starfsmönnum þeirra enn frekar. Spurði Guðríður hvort tryggingastærðfræðin tæki ekki tillit til þessara forsendna við útreikninga sína. Bjarni Guðmundsson svaraði og nefndi að þótt starfsmönnum fækkaði hefði það ekki veruleg áhrif á þau réttindi sem menn hefðu áunnið sér. Þá væru tryggingaútreikningar gerðir í samræmi við reglugerð sem kvæði á um að taka ætti þá starfsmenn sem voru á síðasta ári og að gera ætti ráð fyrir því að þeir yrðu allir áfram á næsta ári.

Hinrik Greipsson gaf orðið laust til frekari umræðu um tryggingafræðilega úttekt. Enginn óskaði máls.

4) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Jón Ívarsson og Guðrún Antonsdóttir yrðu kjörin og var það samþykkt með atkvæðamerki. Enginn var á móti. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

5) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 70.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf laun stjórnarmanns. Laun varamanna kr. 35.000.- fyrir hvern fund, en þó aldrei hærri en kr. 70.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Hinrik Greipsson gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér máls. Tillagan var samþykkt með atkvæðamerki. Enginn var á móti.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu kr. 35.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna.

Hinrik Greipsson gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér máls. Tillagan var samþykkt með atkvæðamerki. Enginn var á móti.

6) Önnur mál.

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust undir síðasta dagskrárlið.

Kjartan Sigurgeirsson kvað sér máls og kom upp í pontu. Kjartan byrjaði á að nefna að eins og fram hefði komið á fundinum væri ekki rífandi hamingja með skerðingu réttinda í Hlutfallsdeild. Af þeim sökum hefðu nokkrir sjóðfélagar tekið sig saman á árinu og farið að skoða málið. Eins og fram kom í máli Friðberts Traustasonar fyrr á fundinum um skýrslu stjórnar hefur stjórn sjóðsins ákveðið að grípa til aðgerða og hyggst ræða málin við aðildarfyrirtæki sjóðsins sem er vel. Við sjóðfélagar ákváðum hinsvegar að skrifa upp ályktun og beina til stjórnar sjóðsins út af þeirri stöðu sem upp er komin í Hlutfallsdeild. Því næst las Kjartan upp ályktun sjóðfélaga og varpaði jafnframt mynd af henni upp á tjald.

Ályktunin hljóðar svo:

„Til stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna.

Sjóðsfélagar á Ársfundi Lífeyrissjóðs bankamanna fela stjórn sjóðsins að láta kanna og rannsaka allar forsendur fyrir greiðslum aðildarfyrirtækja til Hlutfallsdeildar lífeyrissjóðs bankamanna.

PR
slg

Sérstaklega ber að fá lögfræðilegt álit á hvort greiðslur hafi staðið undir öllum raunverulegum skuldbindingum gagnvart sjóðsfélögum og eins hvort aðildarfyrirtæki hafi á einhvern hátt raskað þeim forsendum sem lágu til grundvallar greiðslum.

Stjórn er einnig falið á sama hátt að láta rannsaka hvort forsendubrestur hafi leitt til þess að bakábyrgð aðildarfyrirtækja sé virk eða hafi verið endurvakin með aðgerðum og ákvörðunum aðildarfyrirtækja.

Í síðasta lagi fyrir lok september 2015 verði boðað til fundar með sjóðsfélögum, sem eiga hagsmuna að gæta, enda hafi fari fram könnun lögfræðinga og stjórnar Lífbank á þeim gögnum sem liggja fyrir og sjóðsfélögum kynntar niðurstöður könnunar og rannsókna."

Að loknum upplestri á ályktuninni kvaðst Kjartan Sigurgeirsson nú leggja hana fram fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu ásamt eftirfarandi meðflutningsmönnum, Jóhanni Birgissyni, Brynjólfi Þór Brynjólfssyni og Kjartani Jóhannessyni.

Hinrik Greipsson tók til máls og kvað orðið vera laust til umræðu um ályktun sjóðfélaga. Enginn kvað sér hljóðs. Vísaði Hinrik þá málinu til atkvæðagreiðslu fundar. Var ályktun sjóðfélaga samþykkt með atkvæðamerkjum og var henni vísað til stjórnar sjóðsins. Enginn var á móti.

Hinrik Greipsson tók til máls og kvað orðið vera laust að nýju undir dagskrárliðnum önnur mál. Enginn tók til máls. Hinrik ávarpaði þá fundinn og þakkaði fundargestum fyrir góðan fund og nefndi að ánægjulegt væri að sjá hversu vel hefði verið mætt.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Fundi var slitið um kl. 19:10. Fundarmenn voru um 108 talsins.

Reykjavík, 10. apríl 2015.

Fundarstjóri:


Hinrik Greipsson

Fundarritari:


Pálmi Rögnvaldsson